

Vanskil

Ef lánþegar skila ekki gögnum á réttum tíma leggjast á þau dagsektir eða kr. 20.- á dag. Lánþegar geta þar að auki átt á hættu að missa lánsrétt sinn og rétt til að endurnýja þau gögn sem þeir hafa að láni þar til þeir hafa gert upp að fullu. Á skammtímalánum eru dagsektir kr. 70.- á dag og eru þær einnig innheimtar fyrir laugardaga og sunnudaga ef skiladagur gagna var fyrir helgina.

Lánþegi ber fulla ábyrgð á öllu því sem lánað er út á hans skírteini. Lán skírteinis til annarra er því á ábyrgð skírteinishafa.

Námsgagnasafn

Kennarar Háskólans á Akureyri geta, í tengslum við námskeið sem þeir kenna, beðið um að ákveðin gögn verði einungis til afnota á bókasafninu eða lánuð í skamman tíma. Gögn á námsbókasafninu eru merkt sérstaklega þar sem fram kemur útlánstími þeirra.

Afgreiðslutími

Bókasafnið er opið að vetrarlagi frá kl. 08:00-18:00 alla virka daga og laugardaga kl. 12:00-15:00. Yfir sumartímam er safnið opið frá kl. 08:00-16:00 alla virka daga en lokað á laugardögum og sunnudögum.

mars 2007

BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI
SÓLBORG v/NORÐURSLÓÐ, 600 AKUREYRI

SÍMI: 460 8050 - BRÉFASÍMI: 460 8994

TÖLVUPÓSTFANG: bsha@unak.is

<http://www.unak.is/bokasafn>

Bókasafn Háskólans á Akureyri



Útlán



Lánsréttur

Bókasafn Háskólans á Akureyri er rannsóknabókasafn. Hlutverk þess er að veita nemendum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum bókasafnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna.

Bókasafnið er opið öllum og lánsrétt hafa þeir sem búsettir eru á Íslandi og hafa íslenska kennitölu. Erlendir ríkisborgarar, sem eru staddir hérlendis tímabundið og vilja nota bókasafnið í rannsóknaskyni, geta sótt um skammtímaskírteini.

Lánþegaskírteini

Lánþegaskírteini fyrir nemendur háskólans sem jafnframt eru aðgangskort að húsum skólans, nemendaskírteini og ljósritunarkort eru gefin út til eins árs í senn. Skírteinin fást afhent í afgreiðslu skólans nemendum að kostnaðarlausu. Skírteini annarra lánþega gildir í eitt ár frá útgáfudegi og fást í afgreiðslu bókasafnsins. Þau kosta 1000 kr. Starfsmenn Háskólans á Akureyri og starfsmenn grunn- og leikskóla á Norðurlandi eystra fá lánþegaskírteinið án endurgjalds. Skírteini má endurnýja án endurgjalds að ári liðnu ef lánþeginn er skuldlaus við bókasafnið.

Ábyrgð lánþega

Lánþegum ber að tilkynna bókasafninu sem fyrst um bústaðaskipti og breytt símanúmer eða tölvupóstfang og einnig ef skírteinið glatast. Lánþegi ber fulla ábyrgð á þeim gögnum sem hann fær að láni á bókasafninu. Glatist eða skemmist gögn í vörslu lánþega áskilur bókasafnið sér rétt til að innheimta hjá honum bætur fyrir þau.

Útlán og skil gagna

Lánþegum ber ávallt að framvísa lánþegaskírteini. Þetta á einnig við um handbækur og öll önnur gögn sem ætluð eru til notkunar á bókasafninu. Á hverju skírteini er lánþeganúmer sem er kennitala lánþega. Jafnframt hefur hver lánþegi leylinúmer sem gerir honum kleift að skoða lán sín í Gegni. Það er einnig notað ef lánþegi kys að taka sjálfur frá gögn.

Gögnum skal skila í afgreiðslu bókasafns. Lánþegar eru vinsamlega beðnir um að biða við afgreiðsluborðið þar til bókavörður hefur tekið við bókunum og gengið frá skilunum í tölvukerfinu. Ekki skal skilja gögn eftir á afgreiðsluborðinu eftirlitslaus því þau eru á ábyrgð skírteinishafa á meðan þau eru skráð á hans nafn.

Hámarksfjöldi gagna

Hámarksfjöldi gagna sem lánþegar geta haft að láni og í pöntun í kerfinu í einu eru 50 fyrir starfsmenn Háskólans á Akureyri og 20 fyrir aðra. Hægt er að veita undanþágu frá þessu í einstökum tilvikum.

Lánstími

Lánstími flestra gagna er einn mánuður. Sum gögn eru þó einungis lánuð í skamman tíma í senn (skammtímalán) vegna mikillar eftirspurnar. Ath. að hvorki er hægt að endurnýja né panta gögn á skammtímaláni. Önnur gögn eru aldrei lánuð út t.d. handbækur og tímarit. Um lestur, útlán og ljósritun úr lokaverkefnum nemenda gilda ákvæði samninga milli höfunda einstakra verkefna og bókasafns. Í Gegni kemur fram hvaða skilmálar gilda um lán á einstökum gögnum (hverju eintaki fyrir sig).

Endurnýjun lána

Endurnýjun lána er heimil á gögn ef enginn lánþegi hefur skráð sig á biðlista eftir þeim, þó aldrei oftari en tvisvar. Endurnýjanir geta lánþegar framkvæmt sjálfir á leitarvef Gegnis: **www.gegnir.is** - **Mínar síður** (lánþegi skráir kennitölu og lykilorð og velur safnahópin Norðurland vinstra megin á síðunni). Einnig er hægt að endurnýja lán símleiðis í síma **460 8060** eða með tölvupósti (**bsha@unak.is**).

Gögn tekin frá

Séu gögn í útláni getur lánþegi sem á gilt lánþegaskírteini og er ekki í vanskilum við bókasafnið sjálfur tekið þau frá í Gegni eða óskað eftir því við afgreiðslu bókasafnsins. Hann fær þá tilkynningu frá bókasafninu þegar hann getur sótt þau.